


AFKOMA FYRSTA ÁRSFJÓRÐUNGS 2013


HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- Afkoma bankans eftir skatta var jákvæð um 4,6 ma. kr. á fyrsta ársfjórðungi 2013, samanborið við 5,6 ma. kr. á sama tímabili 2012. Munurinn á milli ára liggur að stærstum hluta í lægri vaxtatekjum og sveiflum í gengi íslensku krónunnar.
- Arðsemi eigin fjár eftir skatta lækkaði í 12,2% (1F2012: 17,7%). Lækkun á arðsemi skýrist að mestu af hærri eigin fé, sem hefur hækkað um 18% á milli ára, eða frá 129 ma. kr. í 152. ma. kr.
- Skattar og gjöld greidd ríkisstofnunum voru 2,1 ma. kr. á fjórðungnum, samanborið við 2,2 ma. kr. á 1F2012.
- Frá stofnun bankans hafa um 35.900 einstaklingar og um 3.900 fyrirtæki fengið afskriftir, eftirgjafir eða leiðréttingar á skuldum sem nema um 490 ma. kr.
- Heildareignir hækkuðu lítillega í 829 ma. kr. (2012: 823 ma. kr.), en útlán til viðskiptavina lækkuðu um 3% í 543 ma. kr. (2012: 558 ma. kr.).
- Vaxtamunur var 3,6% (2012: 3,9% og 1F2012: 4,4%) og fer lækkandi samhliða því að afföll á lánasafni sem keypt var frá Glitni fara úr bókum bankans.
- Hreinar þóknatekjur jukust í 2,5 ma. kr. (1F2012: 2,1 ma. kr.) sem er hækkun um 17% á milli ára og má að mestu rekja til markaða, viðskiptabanka, eignastýringar og dótturfélaga bankans.
- Nettó tekjufærsla vegna endurmats lánasafnsins var 3,1 ma. kr., samanborið við 1,5 ma. kr. gjaldfærslu á sama tímabili fyrir árið 2012.
- Heildarinnlán lækkuðu í 492 ma. kr. samanborið við 509 ma. kr. í lok árs 2012. Innlán viðskiptavina voru á pari við lok árs en lækkunin að mestu tilkomin vegna breytinga á innlánnum lánastofnanna og Seðlabanka Íslands.
- Eigið fé nam 152 ma. kr., og hækkaði um 3% frá árslokum 2012 og 18% á milli ára. Eiginfjárlutfall styrktist í 26,2% (2012: 25,5%) og eiginfjárlutfall A (Tier 1) var 22,9% (2012: 22,0%).
- Lausafjárstaða Íslandsbanka er traust og vel yfir kröfum Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans.

HAGNAÐUR EFTIR SKATTA



ARÐSEMI EIGIN FJÁR



Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka:

"Afkoma af grunnrekstri á fyrsta fjórðungi var í takt við áætlanir. Við sjáum að þau hagræðingarverkefni sem við höfum verið að vinna að eru byrjuð að skila sér og kostnaður lækkar um 3% milli tímabila. Um leið hafa þóknatekjur aukist um 17% frá fyrra ári sem má meðal annars rekja til aukinna umsvifa á íslenskum verðbréfamarkaði. Þar hefur Íslandsbanki verið sannkallað hreyfiafl en bankinn er nú stærsti útgefandi sértryggðra skuldabréfa á landinu og gaf einnig út víxla á fjórðungnum, fyrst íslenskra fjármálaafyrirtækja frá haustinu 2008.

Íslandsbanki veitti um 20 þúsund skilvisum viðskiptavinum vaxtaendurgreiðslu í febrúar s.l., eða samtals 2.5 ma. kr. sem voru lagðar inn á nýjan sparnaðarreikning, Vaxtaprep 30 dagar. Markmið með endurgreiðslunni var að hvetja til sparnaðar og ánægjulegt frá því að segja að tæpur helmingur endurgreiðslunnar er enn á sparnaðarreikningi hjá bankanum.

Eiginfjárstaða bankans er áfram traust, eða 26,2%, sem er vel yfir kröfum FME, en er skiljanlega farin að hafa áhrif á arðsemi bankans."

Nánari upplýsingar veita:

- Fjárfestatengill – Tinna Molphy, tinna.molphy@islandsbanki.is og í síma: 440 3187.
- Upplýsingafulltrúi – Guðný Helga Herbertsdóttir, gudny.helga.herbertsdottir@islandsbanki.is og í síma: 440 3678.

Helstu tölur	31.03.13	31.12.12
<i>Efnahagsreikningur</i>	ma. kr.	ma. kr.
Heildareignir	829	823
Heildarútlán	601	612
Heildarinnlán	492	509
Eigið fé	152	148
Innlánahlutfall	82%	83%
Eiginfjárlutfall A (T1)	23,2%	22,0%
Eiginfjárlutfall	26,5%	25,5%

Helstu tölur	1F2013	1F2012
<i>Rekstrarreikningur</i>	ma. kr.	ma. kr.
Arðsemi eigin fjár	12,2%	17,7%
Arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi	6,2%	15,2%
Hagnaður eftir skatta	4,6	5,6
Hagnaður af reglulegri starfsemi	2,3	4,8
Kostnaðarhlutfall	51,8%	57,0%
Vaxtamunur	3,6%	4,4%

REKSTRARREIKNINGUR


m.kr.	1F13	4F12	1F12	2012	2011
Hreinar vaxtatekjur	7.473	8.560	9.010	32.940	31.225
Virðisbreyting útlána og krafna	3.117	3.704	(1.544)	6.486	(1.296)
Almenn virðisrýrnun	(124)	(197)	(121)	(776)	76
Hreinar vaxtatekjur eftir virðisbreytingar	10.466	12.067	7.345	38.649	30.005
Hreinar þóknatekjur	2.452	2.755	2.102	9.459	5.966
Hreinn gengishagnaður (tap)	(1.563)	1.507	1.191	2.737	937
Hreinar fjármunatekjur	881	199	914	1.517	2.649
Aðrar rekstrartekjur	412	181	295	996	894
Rekstrartekjur samtals	12.648	16.709	11.847	53.359	40.451
Laun og launatengd gjöld	(3.468)	(3.652)	(3.285)	(13.080)	(10.531)
Annar rekstrarkostnaður	(2.835)	(3.276)	(3.144)	(12.366)	(10.021)
Iðgjald í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta	(246)	(257)	(325)	(1.055)	(965)
Rekstrarkostnaður samtals	(6.549)	(7.185)	(6.754)	(26.502)	(21.517)
Virðisrýrnun viðskiptavildar	0	(425)	0	(425)	(17.873)
Áhrif hlutdeildarfélaganna	3	0	0	0	39
Hagnaður fyrir skatta	6.102	9.099	5.093	26.432	1.100
Tekjuskattur	(1.448)	(1.790)	(1.452)	(6.253)	(75)
(Tap) hagnaður af aflagðri starfsemi	(69)	(112)	1.965	3.239	841
Hagnaður	4.585	7.197	5.606	23.418	1.866
Hagnaður af reglulegri starfsemi	2.346	4.568	4.783	15.694	13.905

*Hagnaður af reglulegri starfsemi er skilgreindur sem hagnaður án einkisliða s.s. hreinnar virðisbreytingar á lánabókinni, gangvirðisbreytinga vegna breyttra reikningskilaaðferða, kostnaðar sem tengist sameiningunni við Byr og virðisrýrnunar viðskiptavildar og nettó hagnaðar vegna aflagðrar starfsemi.


TEKJUR

- Bankinn hefur lagt áherslu á stöðugar grunntekjur. Á fjórðungnum skapa grunntekjustoðir áfram stóran hluta af rekstrartekjum, en um 78% af rekstrartekjum bankans koma frá vaxtatekjum og þóknatekjum.
- Hreinar vaxtatekjur námu 7,5 ma. kr. (1Q2013: 9,0 ma. kr.) og hafa lækkað í takt við áætlanir eftir því sem afföll á lánasafni sem keypt var frá Glitni fara úr bókum bankans.
- Vaxtamunur, reiknaður sem hlutfall af meðalstöðu heildareigna, var 3,6% (2012: 3,9% og 1F2012: 4,4%) og er áætlaður um 3,5% eftir því sem endurskipulagningu vindur fram.
- Verðtryggingarójöfnuður bankans var 5 ma. kr. í lok mars. Honum hefur verið stýrt með skiptasamningum, útgáfu verðtryggðra sértryggðra skuldabréfa og vörubrúun á nýjum langtíma verðtryggðum innlánnum.
- Hreinar þóknatekjur jukust í 2,5 ma. kr. (1F2012: 2,1 ma. kr.) sem er hækkun um 17% á milli ára og má að mestu rekja til markaða, viðskiptabanka, eignastýringar og dótturfélaga bankans.
- Hreint gengistap á tímabilinu nam 1,6 ma. kr., samanborið við 1,2, ma. kr. hagnað yfir sama tíma 2012. Lækkunin er tilkomin vegna styrkingar krónunnar og stærri gjaldeyrisójfafnaðar á tímabilinu. Gjaldyrisójöfnuður bankans var 19 ma. kr. í lok tímabilsins (2012: 28 ma. kr.) og er innan lagalegra marka um 15% af eigið fé eða 12,5% af eigin fé í lok mars.
- Hreinar fjármunatekjur, sem að stærstum hluta er gengishagnaður af hlutabréfum Icelandair Group hf., námu 881 m.kr., samanborið við hagnað upp á 914m. kr. á 1F2012.
- Athuga skal að vegna breytingar á aðferðafræði hafa verið gerðar aðlaganir á liðunum hreinar vaxtatekjur, hreinar fjármunatekjur og hreinn gengishagnaður í rekstrarreikningi.

HREINAR VAXTATEKJUR
m.kr.



HREINAR ÞÓKNATEKJUR
m.kr.



REKSTRARREIKNINGUR – frh.

- *Aðrar rekstrartekjur*, sem samanstanda að megninu til af leigutekjum og tekjum vegna þjónustusamninga, námu 412 m.kr., sem er 40% hækkun á milli ára.
- *Heildar rekstrartekjur* ársins jukust í 12,6 ma. kr., sem er hækkun um 7% á milli ára.

KOSTNAÐUR

- Kostnaðarhlutfall í lok tímabilsins lækkaði í 51,8% (1F2012: 57,0%) og sýnir árangur í hinum ýmsu kostnaðarverkefnum innan bankans.
- *Laun og launatengd gjöld* námu 3,5 ma. kr., sem er hækkun um 5,6% á milli ára. Aukninguna má að nokkru rekja til þess að fjársýsluskattur á laun er nú hluti af þessum lið, en skatturinn hækkaði í 6,75% úr 5,45% árið 2012. Samanlögð áhrif breytinga á tryggingagjöldum og fjársýsluskatti eru 1,2%. Laun hækkuðu frá 3,3 ma. kr. í 3,5 ma. kr. sem innifelur samningsbundna launahækkun um 3,25%. Til samanburðar hækkaði launavísitalan um 5,5% á sama tíma.
- Meðalfjöldi stöðugilda móðurfélagsins var 1.056 í lok mars, samanborið við 1.119 við lok árs 2012. Starfsmannafjöldi hefur lækkað um 10% frá þriðja ársfjórðungi 2012.
- *Annar rekstrarkostnaður* lækkaði um 10% á milli ára, úr 3,1 ma. kr. í 2,8 ma. kr., sem er raunlækkun um 15%. Kostnaður hefur farið lækkaði eftir því sem árangur næst í kostnaðarverkefnum og sértækum kostnaði tengdum samrunum árið 2012 lýkur.
- *Framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda* lækkaði um 24%, eða í 246 m.kr. úr 325 m.kr. Lækkunin skýrist vegna lægri áhættuvigt eftir því sem eigið fé bankans hækkar og hlutfall eigna í endurskipulagningu (LPA) lækkar.
- *Heildar rekstrarkostnaður* lækkaði í 6,5 ma. kr. (1F2012: 6,8 ma. kr.). Þetta er takt við áherslur bankans að lækka kostnað og árangur í lykilverkefnum bankans er snúa að skilvirkum rekstri og hagræðingu.


SKATTAR OG GJÖLD TIL RÍKISSTOFNANA

- *Tekjuskattur* var 1,4 ma. kr. sem er svipað og árið á undan. Skattheimta hefur aukist töluvert á undanförunum árum, meðal annars með álagningu sérstaks 6% fjársýsluskatts á hagnað fjármálafyrirtækja umfram 1 ma. kr.
- Fjársýsluskattur á laun hækkaði í 6,75% á fjórðungnum úr 5,45% árið 2012 og var 186 m.kr. samanborið við 139m kr. á sama tímabil 2012.
- *Bankaskattur*, sem var innleiddur árið 2010 og reiknast sem 0,041% af heildarskuldum síðastliðins árs, var 67 m.kr. samanborið við 207 m.kr. fyrir sama tímabil 2012. Innifalið í fjárhæðinni 2012 var tímabundin skattheimta sem reiknaðist sem 0,0875% af heildarskuldum næstliðins árs. Athygli er vakin á því að bankaskatturinn er nú undir liðnum *öðrum rekstrarkostnaði* og samanburðartölur hafa verið lagfærðar í samræmi við það.
- Kostnaður greiddur til FME og umboðsmanns skuldara var á svipuðum nótum og á sama tímabili fyrra, eða 115 m.kr. samanborið við 116 m.kr.
- Skattar og gjöld greidd til ríkisstofnana námu samtals 2,1 ma. kr. á tímabilinu, samanborið við 2,2 ma. kr. á fyrsta fjórðungi 2012.

HAGNAÐUR AF AFLAGÐRI STARFSEMI


- *Tap af aflagðri starfsemi* eftir skatta var 69 m.kr., samanborið við 2 ma. kr. hagnað á sama tíma 2012. Hagnaðurinn á 1F2012 var vegna sölu á eignarhlutum í eigu Miðengis, dótturfélags bankans, sem og leigutekna og tekna frá fullnustueignum.

VAXTAMUNUR




REKSTRARKOSTNAÐUR

% (án afskriftar viðskiptavildar)



KOSTNAÐARHLUTFALL

% (án afskriftar viðskiptavildar)




SKATTAR OG GJÖLD	1F13	1F12
	m.kr.	m.kr.
Tekjuskattur	1.448	1.452
Bankaskattur	67	207
Fjársýsluskattur	186	139
FME og umboðsmaður skuldara	115	116
Tryggingasjóður innstæðueigenda	246	325
Samtals	2.062	2.239

REKSTRARREIKNINGUR – frh.

HAGNAÐUR

- *Hagnaður ársins eftir skatta* var 4,6 ma. kr., samanborið við 5,6 ma. kr. á 1F2012. Þetta samsvarar 12,2% arðsemi eigin fjár, samanborið við 17,7% á sama tímabili 2012. Lækkun á arðsemi á milli ára er aðallega drifin af hærri eigin fé, sem hefur hækkað um 18% á milli ára, eða frá 129 ma. kr. í 152 ma. kr.
- *Hagnaður af reglulegri starfsemi* nam 2,3 ma. kr. og arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi var 6,2%. Til samanburðar var hagnaður af reglulegri starfsemi 4,8 ma. kr. á sama tímabili 2012, sem samsvarar arðsemi eigin fjár upp á 15,2%.
- Hagnaður af reglulegri starfsemi er skilgreindur sem hagnaður án einkisliða s.s. hreinnar virðisbreytingar á lánabókinni, gangvirðisbreytinga vegna breyttra reikningsskilaaðferða, kostnaðar sem tengist sameiningunni við Byr og virðisrýrnunar viðskiptavildar og nettó hagnaðar vegna aflagðrar starfsemi.

SKIPTING REKSTRARTEKNA
%




EFNAHAGSREIKNINGUR

EIGNIR	m.kr.	31.03.2013	31.12.2012	31.12.2011
Handbært fé og innstæður í Sí		65.822	85.500	57.992
Afleiðusamningar		119	127	339
Skuldabréf og skuldagerningar		71.796	64.035	58.662
Hlutabréf og eiginfjárgerningar		9.730	10.445	11.107
Útlán til lánastofnana		57.633	54.043	43.655
Útlán til viðskiptavina		543.269	557.857	564.394
Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum		505	503	1.070
Varanlegir rekstrarfjármunir		9.740	5.579	5.276
Óefnislegar eignir		277	261	544
Tekjuskattsineign		1.100	864	2.629
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi		46.929	39.046	42.690
Aðrar eignir		22.051	5.115	7.557
Heildareignir		828.971	823.375	795.915


EIGNIR

- *Skuldabréf og skuldagerningar* voru 72 ma. kr., sem samanstanda aðallega af ríkisskuldabréfum útgefnunum af G5 ríkjum sem eru í lausafjár safni bankans.
- *Hlutabréf og eiginfjárgerningar* voru 9,7 ma. kr. sem er lækkun frá 10,4 ma. kr. í lok árs 2012. Bankinn hefur markvisst selt eignir í óskyldum rekstri og vert að nefna í því samhengi að hlutur bankans í Ícelandair hefur lækkað í 4,7% hlut úr 19,9% við lok mars 2012.
- *Lán til viðskiptavina* námu 543,3 ma. kr. (2012: 557,9 ma. kr.), sem er 3% lækkun á milli fjórðunga. Lækkunin skýrist einkum af tvennu. Lán í erlendri mynt lækkuðu í lánabók samhliða styrkingu krónunnar. Eins gæti áhrifa vegna endurskipulagningarverkefna sem hafa leitt til yfirtöku bankans, en lán til fyrirtækja í eigu bankans koma ekki fram í efnahagsreikningi samstæðu.
- Gert er ráð fyrir að endurskipulagning stærstu fyrirtækjaútlána verði lokið í árslok 2013 og fyrir alla lánabókina við árslok 2014.
- Gæði eignasafns hélt áfram að batna, en hlutfall lána í endurskipulagningu er nú 11,9%, eða helmingur af því sem það var á sama tíma 2012 eða 23,5%.
- *Fastafjármunir til sölu* voru 46,9 ma. kr. (2012: 39 ma. kr.), og hækkuðu um 20% vegna endurskipulagningar á fasteignafélaginu Fasteign sem var ekki hluti af samstæðureikningi 2012.
- *Heildareignir* bankans námu 829 ma. kr., samanborið við 823,4 ma. kr. í árslok 2012.

HEILDAREIGNIR



ÚTLÁN TIL VIÐSKIPTAVINA
%, eftir geirum 31.03.13



EFNAHAGSREIKNINGUR – frh.

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ	m.kr.	31.12.2012	31.12.2011	31.12.2010
Fjárskuldir og afleiðusamningar		12.141	18.435	13.373
Innlán lánastofnana og SÍ		26.313	38.272	62.845
Innlán viðskiptavina		465.735	471.156	462.943
Lántaka		68.227	66.571	63.221
Víkjandi lán		22.014	23.450	21.937
Skattskuldir		3.396	2.052	2.670
Tekjuskattsskuldbinding		29	20	17
Fastafjárm. til sölu & aflögð starfs.		10.522	6.805	7.317
Aðrar skuldir		68.493	48.954	37.889
Heildarskuldir		676.870	675.715	672.212
Eigið fé		152.101	147.660	123.703
Heildarskuldir og eigið fé		828.971	823.375	795.915


SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

- *Innlán viðskiptavina* hafa verið stöðug og voru 465,7 ma. kr., samanborið við 471,2 ma. kr. við árslok 2012. Hlutfall innlána á móti útlánum var 81,9% (2012: 83,3%) og hlutfall innlána viðskiptavina á móti útlánum hækkaði í 85,7% úr 84,5% við árslok 2012.
- *Innlán lánastofnana og SÍ* lækkaði en bankinn hefur ekki verið í virkri samkeppni um slík kvik innlán.
- *Víkjandi lántaka* bankans nam 22 ma. kr. Lækkun á milli fjórðunga er tilkomin vegna sveiflna í gengi krónunnar á Tier II ríkisskuldabréfi að fjárhæð 138 milljónir evra sem var partur af samkomulagi bankans og íslenska ríkisins í september 2009.
- *Heildarskuldir* ársins námu 676,9 ma. kr. (2012: 675,7 ma. kr.)
- Í árslok var *eigið fé* bankans 152 ma. kr., sem er hækkun um 3% á milli fjórðunga og 18% á milli ára.
- Eiginfjárhlutfall bankans styrktist í 26,2% (2012: 25,5%), þar af var eiginfjárhlutfall A (Tier1) 22,9% samanborið við 22% í lok árs 2012.
- Lögboðið eiginfjárhlutfall bankans skv. reglum FME var 25,8%, þar af var eiginfjárhlutfall A (Tier1) 22,3%. Lögboðið eiginfjárhlutfall er byggt á endurskoðuðum eiginfjárgrunni frá 31. desember 2012.


FJÁRMÖGNUN OG LAUSAFJÁRSTAÐA

- Lausafjárstaða bankans er sterk og eru lausafjárhutföll bankans vel umfram kröfur eftirlitsaðila. Við lok tímabilsins nam laust fé 32% af heildarinnlánum sem er vel yfir 20% kröfu FME.
- Reiðufjárhlutfall bankans var 17% í lok árs og er vel yfir 5% kröfu FME.
- Bankinn hefur að mestu verið fjármagnaður með innlánum frá stofnun hans árið 2008. Gert er ráð fyrir lækkun innlána samhliða því sem fjárfestingarkostum á Íslandi fjölga.
- Íslandsbanki var fyrstur til að skrá víxla í kauphöll Íslands í febrúar 2013 og markaði mikilvægt skref í að fjölga stoðum í fjármögnun bankans. Alls getur bankinn gefið út allt að 25 ma. kr. undir þessum útgáfuramma og stefnt er á reglulega útgáfu yfir árið.
- Íslandsbanki hefur fest sig í sessi sem stærsti útgefandi sértryggðra skuldabréfa, og hefur alls gefið út 16,3 ma. kr. frá því bankinn fyrstur fjármálafyrirtækja eftir hrun gaf út skráð verðbréf í desember 2011. Bankinn hefur sett upp 100 milljarða króna útgáfuramma fyrir sértryggð skuldabréf og stefnir á að gefa út slík bréf fyrir um 10 milljarða króna árlega.

INNLÁNAHLUTFALL



EIGINFJÁRHUTFÖLL



FJÁRHAGSDAGATAL

Stefnt er að birtingu árshluta- og ársuppgjörs á neðangreindum dagsetningum, þær eru birtar með fyrirvara um breytingar.

- Þögult tímabil 18. ágúst – 27. ágúst
- 1H2013 – 28. ágúst 2013
- Þögult tímabil 17. nóvember – 26. nóvember 2013
- 3F 2013 – 27. nóvember 2013

Allar upplýsingar um afkomu bankans má finna á www.islandsbanki.is/fjarfestatengsl